

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Hítardalur



Reykjavík 2014

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
HÍTARDALUR	3
NIÐURSTÖÐUR	6
HEIMILDASKRÁ	7
VIÐAUKAR	8
1. JARÐLAGASKRÁ	8
2. LJÓSMYNDASKRÁ	9
3. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	12

© Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2014
Kortlagning klaustra á Íslandi: Hítardalur
Vettvangsskýrsla III

Reykjavík: höfundar
Forsíðumyndin sýnir starfsmennina Hermann og Helgu við aftyrfingu í Hítardal

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við nýja fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar klaustranna sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000-1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ. Í Viðauka 5 má sjá staðsetningu klausturstaðanna sem skoðaðir verða í þessari rannsókn.

Rannsókn í Hítardal á Mýrum hófst sumarið 2013 en þá voru líkleg klausturstæði innan jarðarinnar mæld með radarjarðsjá og einn könnunarskurður tekinn í gamla kirkjustæðið (Steinunn Kristjánsdóttir 2014, bls. 3–6). Rannsókninni var haldið áfram 2014 og voru þá farnar voru vettvangsferðir í Hítardal dagana 11. og 12. júní. Þann 11. júní voru starfsmennirnir þrír, auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra, en það voru Hermann Jakob Hjartarson, Helga Jónsdóttir og Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir. Í þeirri ferð var gengið um jörðina og voru ákveðin svæði skoðuð þar sem að loftmyndir og radarmælingar sýndu mögulegar rústir. Seinni daginn voru starfsmennirnir fimm, auk Steinunnar, en það voru Helga, Hermann, Hrafnhildur, Joe W. Walser III og Vala Gunnarsdóttir. Í þeirri ferð var tekinn einn könnunarskurður. Starfsmennirnir sáu um töku hans, ljósmyndun, skráningu og frágang gagna. Öll eru starfsmennirnir fornleifafræðingar, en Hrafnhildur enn í námi. Að auki er Vala með meistaragráðu í safnafræði og Joe er í doktorsnámi í fornleifafræði.

Lesendum er bent á að þessi skýrsla hefur ekki að geyma endanlega úrvinnslu uppgraftargagna, heldur umfjöllun og samantekt um gagnaöflunina. Vísað er til skýrslna um niðurstöður sértækra greininga til frekari upplýsinga. Þá vilja höfundar þakka Finnboaga Leifssyni bónda í Hítardal fyrir óeigingjarna aðstoð við rannsóknina.

Hítardalur

Klaustur var stofnað í Hítardal árið 1166 en ekki er vitað hversu lengi það var í rekstri (sjá viðauka 3). Þykir líklegt að starfsemi þess hafi lognast útaf á fyrri hluta 13. aldar. Síðasti ábóti klaustursins hét Lamkár en hann lést árið 1249 (Janus Jónsson 1887, bls. 213-215; Jónas Guðlaugsson 1967, bls. 725). Rekstartíminn kann þess vegna að hafa varað í nokkra áratugi,

þannig að minjar um það hljóta að vera nokkrar. Engin örnefni eru hins vegar um klaustrið í Hítardal (Hermann Jakob Hjartarson 2014, bls. 9).

Í Hítardal er mikið um gott hleðslugrjót. Á bæjarstæðinu þar er t.d. að finna hornstein með andlitsmynd en telja má líklegt að hann sé úr klausturkirkjunni eða klaustrinu sjálfu. Steinninn var áður í norð-austur horni kirkjurústarinnar í Hítardal (Brynjúlfur Jónsson 1908, bls. 31). Samkvæmt heimildum var annar steinn með andlitsmynd á Hítardal, sá var skegglaus, þessi steinn hefur eyðilagst fyrir árið 1891 þegar Sigurður Vigfússon ætlaði að skoða steinana tvo (Sigurður Vigfússon 1893, bls. 73).

Gerð andlitsins bendir til klausturtíma og þekkt er að hornsteinar klausturkirkna hafi verið útskornir, enda þótt þetta sé eina vísbendingin um slíkt hérlendis. Engar aðrar minjar um klaustrið í Hítardal eru sjáanlegar í dag en til eru munnmæli um það hvar það á að hafa staðið. Kirkja var í Hítardal þegar klaustrið var stofnað en hún var lögð af árið 1875 (Árni Björnsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Þór Magnússon 2010, bls. 265, 274).



Mynd 1: Bærinn í Hítardal, útsýni frá Nafnakletti (ljósmyndari: Helga Jónsdóttir).

Þegar klausturrústanna var leitað í Hítardal sumarið 2013 fóru sem fyrr getur fram mælingar með radarjarðsjá, auk þess sem einn könnunarskurður var tekinn. Til stóð að grafa annan skurð í svokallaða Kvíakinn, hvar klaustrið átti að hafa staðið samkvæmt munnmælum. Radarmælingarnar sýndu hins vegar engar minjar þar undir yfirborði svo hætt var við töku hans. Mælingar sýndu hins vegar viðnám undir yfirborði á gamla kirkjustæðinu, auk þess sem sjá mátti allstórt hleðslugrjót þar í grasrótinni. Þar var svo tekinn könnunarskurður sem

staðfesti það sem radarmælingarnar höfðu sýni. Ekki reyndist samt unnt að aldursgreina þessar minjar með vissu (Steinunn Kristjánsdóttir 2014, bls. 3–6).

Sumarið 2014 var ákveðið var að skoða Hítardal enn betur, enda þótt talsverðar líkur séu á að klaustrið hafi staðið á eða nærri gamla kirkjustæðinu. Ákveðið var að taka könnunarskurð nokkru ofan við Kvíakinn þar sem loftmyndir virtust sýna allmikið rústasvæði enda voru þar lengi kvíar. Tilgátan var sú að í munnmælasögunum um að klaustrið hafi staðið í Kvíakinn hefði staðsetning þess færst þangað frá kvíunum sjálfum sem gátu verið byggðar á grunni eldri rústa. Rústir kvíanna eru enn sjáanlegar og veggir uppistandandi að hluta en á yfirborði mátti einnig sjá ójöfnur allt í kringum þær (mynd 2).



Mynd 2: Staðsetning könnunarskurðsins í Hítardal. Rauði punkturinn sýnir staðsetningu könnunarskurðsins árið 2013 (kort: Vala Gunnarsdóttir).

Staðsetning könnunarskurðarins var því ákvörðuð þversum á það sem við töldum vera vegg við inngang. Komið var fljótlega niður á nokkuð þykkt lag af fokmold og því næst komið niður á móbergsklöpp sem hafði mótast eins og bygging með inngangi. Engin mannvist var í

könnunarskurðinum, né heldur gripir. Var því hægt að útiloka þennan stað sem mögulegt klausturstæði.

Niðurstöður

Enda þótt enn sé ekki vitað með vissu hvar klaustrið í Hítardal stóð er nú ljóst að það stóð ekki á Kvíakinn eins og sagt er í munnmælasögum. Leitað hefur verið að rústum þess um nánast alla Hítardalsjörðina. Mestar líkur eru því á að það hafi staðið nokkru ofan við núverandi bæjarstæði, nálægt kirkjustæðinu. Þar er nú hlaða. Þegar hún var byggð fannst mikið af hleðslugrjóti sem nýtt var í aðrar byggingar á jörðinni.

Heimildaskrá

Árni Björnsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Þór Magnússon (2010). *Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi*. Kirkjur Íslands. 16 bindi. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Brynjúlfur Jónsson (1908). Rannsóknir fornleifa sumarið 1907. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 23. árg., bls. 9-31.

Hermann Jakob Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Rannsókn á örnefnum um klaustur á Íslandi*. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/ORN_2014.pdf

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 8. árg., bls. 174–265.

Jónas Guðlaugsson (1967, 26. ágúst). Klaustur í Bæ, Hítardal, Saurbæ og á Keldum. Klaustrapættir IV. *Tíminn, sunnudagsblað*, bls. 724–272.

Sigurður Vigfússon (1893). Rannsóknir á Vesturlandi 1891. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 8. árg., bls. 61-73.

Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Bær og Hítardalur*. Vettvangsskýrsla I. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/BOGH_2013.pdf

Viðaukar

1. Jarðlagaskrá

STAÐUR: Hítardalur

VERKEFNISNÚMÉR: KLI-2014-52

LEYFISNÚMÉR: 2014060027

SKURÐUR: K1/1

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
T1	1	Fokmold				11.6.2014
T2	1	Klöpp				11.6.2014

MATRIX/FLÆDIRIT Jarðlög:

1

2

2. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá								
Rannsóknastaður		Hítardalur						
Leyfisnúmer		2014060027						
Safnnúmer		2014-32						
Leyfisnúmer	Heiti	Rannsóknarstaður	Sveitarfélag	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Myndavél	Átt	Ljósmyndari
2014060027	Hítardalur_20140612_K1 tekinn_aftyrfing_SK_01	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Könnunarskurður K1 aftyrfing	Fuji finepix 9500		SK
2014060027	Hítardalur_20140612_K1 tekinn_aftyrfing_SK_02	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Könnunarskurður K1 aftyrfing	Fuji finepix 9500		SK
2014060027	Hítardalur_20140612_yfir bæjarstæðið_SK_03	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Yfir bæjarstæðið	Fuji finepix 9500		SK
2014060027	Hítardalur_20140612_K1 yfirborð_SK_04	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Könnunarskurður K1 yfirborð	Fuji finepix 9500		SK
2014060027	Hítardalur_20140612_K1 yfirborð_SK_05	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Könnunarskurður K1 yfirborð	Fuji finepix 9500		SK
2014060027	Hítardalur_20140612_prufuhola í rúst_SK_06	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Vinnumynd	Fuji finepix 9500		SK
2014060027	Hítardalur_20140612_f. sunnan Kvíar_HJ_07	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Fyrir sunnan Kvíar	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_grasbali rétt v	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Grasbali við Nafnaklett	Fuji finepix 9500		HJ

	Nafnaklett_HJ_08							
2014060027	Hítardalur_20140612_ grasbali v Nafnaklett_HJ_09	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Grasbali við Nafnaklett	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ útsýni frá Nafnakletti_HJ_10	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Útsýni frá Nafnakletti	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ Nafnaklettur_HJ_11	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Nafnaklettur	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ Nafnaklettur_HJ_12	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Nafnaklettur	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ Grýlupottur_HJ_13	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Grýlupottur	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_í átt að Hítard.vatni_HJ_14	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Í átt að Hítardalsvatni	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_í átt að Hítard.vatni_HJ_15	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Í átt að Hítardalsvatni	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ hellir f. austan Bæjarfell_HJ_16	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Hellir fyrir austan Bæjarfell	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ hellir f. austan Bæjarfell_HJ_17	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Hellir fyrir austan Bæjarfell	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ hellir f. austan Bæjarfell_HJ_18	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Hellir fyrir austan Bæjarfell	Fuji finepix 9500		HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ hellir f. austan	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Hellir fyrir austan Bæjarfell	Fuji finepix 9500		HJ

	Bæjarfell_HJ_19						
2014060027	Hítardalur_20140612_ melur f austan Kvíaar_HJ_20	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Melur fyrir austan Kvíaar	Fuji finepix 9500	HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ steinsetning_HJ_21	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Steinsetning	Fuji finepix 9500	HJ
2014060027	Hítardalur_20140612_ steinsetning_HJ_22	Hítardalur	Borgarbyggð	12.6.2014	Steinsetning	Fuji finepix 9500	HJ

3. Kort af miðaldaklaustrunum

